

# Kynningu á húsnæðisúrræði fyrir fólk sem er heimilislaust og með fjölþættan vanda

## Skaðaminnkandi hugmyndafræði


Sigþrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri ÞVMH

Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, deildarstjóri ÞVMH

Á fundi velferðarráðs Reykjavíkurborgar sem haldinn var 28. apríl 2016 var lögð fram eftirfarandi bókun: „Velferðarráð…leggur áherslu á að **skaðaminnkandi hugmyndafræði** sé höfð til hliðsjónar á öllum starfsstöðvum sviðsins sem þjónustar utangarðsfólk og fíkla, eftir því sem við á.“

http://reykjavik.is/fundargerd/fundur-nr-285-0.

# Skaðaminnkandi nálgun

Hugmyndafræði skaðaminnkunar felur í sér að draga úr skaðlegum áhrifum vímuefnaneyslu á notendur vímuefna, fjölskyldur þeirra, nærsamfélagið og samfélagið í heild.

Það sem einkennir þessa leið er viðleitni til að lágmarka skaðann sem neyslan veldur fremur en að fyrirbyggja sjálfa notkunina.

Þannig hefur skaðaminnkun sterka skírskotun til lýðheilsu og mannréttinda

**Formleg skaðaminnkunarúrræði sem eru til staðar hér á landi:**

• Frú Ragnheiður nálaskiptiþjónusta og færanleg heilbrigðisþjónusta rekin af Rauða krossinum í Reykjavík.

• Konukot -athvarf fyrri heimilislausar konur rekið af Rauða krossinum í Reykjavík með rekstrarfé frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

**Úrræði/þjónusta sem leiða til skaðaminnkunar:**

• Viðhaldsmeðferð hjá SÁÁ.

• Gistiskýli rekið af Reykjavíkurborg.

• Neyðarskýlið granda rekið af Reykjavíkurborg

• Búsetuúrræði fyrir einstaklinga í virkri vímuefnanotkun rekin af Reykjavíkurborg.

• Skaðaminnkunarinnlögn (hvíldarinnlagnir á Sjúkrahúsinu Vogi og móttökudeild fíknimeðferðar Landspítala).

• Vettvangs- og ráðgjafateymi á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneytimedia/media/frettir2016/Fykniskyrsla_30082016.pdf

# Húsnæði fyrst (HF) hugmyndafræði

- Miðar að því að þjónusta fólk sem vegna geðræns vanda, frávika í þroska, vímuefnavanda eða annarra ástæðna á sögu um erfiðleika við að halda heimili og hefur mikla og flókna þjónustuþörf.

- Áhersla á lágþröskuldaumhverfi eða auðvelt aðgengi sem byggir á gildum skaðaminnkunar.

- Þróuð í Bandaríkjunum um miðjan tíunda áratug 20. aldar, telst gagnreynd og er notuð alþjóðlega sem aðalhugmyndafræði í þjónustu við heimilislaust fólk.

- Gengur út frá því að húsnæði sé grunnþörf og teljist til mannréttinda.

- Aðeins þegar þessari grunnþörf sé mætt, geti einstaklingurinn ráðið við aðrar áskoranir.

# Húsnæði fyrst






- Dregur úr bráðakomum á sjúkrahúsum og heilsugæslu
- Dregur úr innlögnum á sjúkrahús
- Dregur úr notkun á neyðarathvörfum
- Dregur úr tíðni vímuefnameðferða
- Dregur úr tíðni fangelsunar
- Leiðir til meiri lífsgæða þjónustuþega og aðstandenda
- Dregur úr álagi á nærsamfélag, stofnanir ríkis og sveitarfélaga





Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Hlutverk VoR

1. Veita HMFÞ **nærþjónustu** og ráðgjöf undir formerkjum HF
   - Á vettvangi, smáhýsum, stökum HF íbúðum, í neyðarskýlum.

2. Yfirsýn yfir málaflokk heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuþarfir

   - Sinnir **forvörnum:** bjóða gestum neyðarskýla stuðning og aðstoð við að tengjast ráðgjafa á þjónustumiðstöð.
   - Sinna **vettvangsstarfi** og tilfallandi verkefnum varðandi markhóp þjónustunnar (t.d. viðbragðsáætlun v/veðurs).

8 grunnþættir HF *(Housing First/Húsnæði fyrst)*

- Húsnæði er hluti mannréttinda
- Stuðningur er á forsendum notanda
- Húsnæði og stuðningur eru aðskilin
- Batahugmyndafræði
- Skaðaminnkandi nálgun
- Stuðningur er án þvingunar
- Nálgun er einstaklingsmiðuð
- Stuðningur er sveigjanlegur og meðan þörf er á

„Leiðarljós Starfsfólk velferðarsviðs sem vinnur með heimilislausum, sem og allt starfsfólk Reykjavíkurborgar, skal hafa það að leiðarljósi að sýna virðingu á öllum stigum þjónustunnar. Áhersla er á að efla og auka sjálfsvirðingu notandans, valdefla einstaklinginn og draga úr fordómum í samfélaginu. Öll þjónusta skal stuðla að framangreindum þáttum.„

(Stefna í málefnum heimilislausra 2019-2025)

# Þjónusta VoR tekur mið af:

Hugmyndafræði um **sjálfstætt líf:** almenn nálgun velferðarsviðs í búsetuþjónustu. Virðing, samstarf og ábyrgð höfð að leiðarljósi.

**Skaðaminnkandi nálgun:** miðar að því að draga úr skaðlegum áhrifum jaðarsetningar, einnig að draga úr skaðsemi og áhættu sem geta fylgt vímuefnanotkun. Markmið að halda fólki á lífi + auka heilsu og lífsgæði.

**Batahugmyndafræ**ði: valdefling og stuðningur við notendur til að stjórna eigin lífi. Markmið að lágmarka þann heilsu-, félags- og fjárhagslegan skaða sem einstaklingarnir og samfélagið verða fyrir sem afleiðing af vímuefnanotkun og annarrar áhættuhegðun.

**Áhugahvetjandi samtal**: gagnreynd aðferðarfræði í samskiptum og vinnu með fólk sem hefur áhuga á breytingum í lífi sínu.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# Húsnæði

- Smáhýsi – 4 hús
- Samliggjandi íbúðir – N74, H121, H79, M20 – 34 einstaklingar
- Dreifðar íbúðir og íbúðir í sjálfstæðri búsetu – 17 einstaklingar
- Neyðarskýlum – L48, G1a, Konukot – 52 rými

- Húsnæði fyrir heimilislausa - 61 á bið

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

# H79

- Hringbraut 79 er nýr íbúðakjarni fyrir 6 konur með geðfatlanir og fjölþættan vanda.
- Þann 21. október síðastliðinn hófst starfsemin formlega þegar 4 konur fluttu inn.
- Unnið er á sólarhringsvöktum og er starfið unnið út frá skaðaminnkandi nálgun,
- batahugmyndafræði og hugmyndafræði um sjálfstætt líf.
- Forstöðumaður er Soffía Hjördís Ólafsdóttir, félagsráðgjafi.



# M20



- Íbúðakjarni fyrir 8 tvígreinda karlmenn með geðfötlun og fjölþættan vanda.
- Íbúar hafa allir sérherbergi, setustofa er sameiginleg sem og eldhús og þvottaaðstaða.
- Boðið er upp á morgunmat og eina heita máltíð á dag.
- Unnið er á sólarhringsvöktum og er starfið unnið út frá skaðaminnkandi nálgun,
- batahugmyndafræði og hugmyndafræði um sjálfstætt líf.
- Forstöðumaður er Aðalsteinn Baldursson, hjúkrunarfræðingur.

# N74

- Heimili fyrir átta karla.
- Íbúar hafa allir sérherbergi, setustofa er sameiginleg sem og eldhús og þvottaaðstaða.
- Boðið er upp á morgunmat og eina heita máltíð á dag.
- Ætlað fyrir þann hóp heimilislausra karla sem verst eru settir og erfiðlegast hefur gengið að veita þjónustu.
- Algengt er að þessir einstaklingar séu með tvíþættan vanda, þ.e. bæði vímuefnavanda og geðvanda, ásamt því að vera með miklar og flóknar þjónustuþarfir.
- Ekki er gerð krafa um að umsækjandi sé hættur neyslu áfengis og/eða annarra vímuefna



# H121

- Hringbraut er úrræði með 11 íbúðum, en þar af eru fimm íbúðir sérstaklega ætlaðar fyrir konur.
- Íbúðirnar eru hver um 52–54 m². Í hverri íbúð er eldhús, stofa, svefnherbergi, baðherbergi og forstofa.
- Um er að ræða sjálfstæða búsetu heimilislausra sem byggir á HF hugmyndafræðinni.
- Úrræðið er fyrir heimilislausar konur og karla með miklar og flóknar þjónustuþarfir og erfiðlega hefur gengið að veita þjónustu



# G1a, L48, Konukot











Grótta
Örfirisey
Grandi
eltjarnarnes
Reykjavík
Héðinsgata
Viðey
Geldinganes
Mosfellsbær
Gufunes
Guðrúnartún
Elliðaárvogur
Korpúlfsstaðaá
Úlfars
Skógarhlíð
Veðurstofuhæð
Höfðabakki
Skerjafjörður
Kópavogur
Fossvogur
Elliðaár
Reynisvatn
Álftanes
Garðabær
Kópavogur
Rauðavatn
Skógtjörn
Arnarnesvogur
Bugða

# BREYTING Á DEILISKIPULAGINU „VOGABYGGÐ 1“ VEGNA NÝRRAR LÓÐAR FYRIR SMÁHÝSI



Úr Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030



DEILISKIPULAGSBREYTING 1:1000


SKÝRINGARUPPDRÁTTUR 1:1000
tillaga að fyrirkomulagi húsa

# VOR – teymið

- Vettvangs- og ráðgjafateymi heimsækir skjólstæðinga Velferðarsviðs á hverjum degi, 1-3x. Aðstoðar við dagleg verkefni og veitir stuðning.

- Vaktsími: 665 7600. **Netfang: vor.teymid@reykjavik.is**
- Nýtt verklag 2019 (í kjölfar nýrrar stefnu).
- Nýjar kröfulýsingar 2020
- Umsóknir í gegnum ráðgjafa á þjónustumiðstöð.



Virðing



Virkni



Velferð

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar

Höfðatorg, Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Sími 411 1111

www.reykjavik.is/velferd

www.facebook.com/velferdarsvid